



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Ársreikningur 2021

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.

Borgarbraut 54

310 Borgarnes

kt: 530606-0900

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar.....	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og skólameistari eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og skólameistari eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Staðfesting vegna annara ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabær 9. mars 2022

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.

Rafræn undirritun

Eymundur Sveinn Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Tilgangur félagsins er rekstur menntaskóla í Borgarfirði. Kennsla í skólanum hófst á haustmánuðum 2007.

Rekstur ársins 2021

Á árinu 2021 starfaði að meðaltali 21 starfsmaður hjá félaginu í 18,3 stöðugildum og námu laun og launatengd gjöld 201,0 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru rúmar 1,6 m. kr. greiddar til stjórnarsetu í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar. Árið 2020 starfaði 20 starfsmaður í að meðaltali í 17,4 stöðugildum. Nemendur árið 2021 voru á vorönn 152 og á haustönn 163. Til samanburðar voru nemendur á vorönn 2020 116 og nemendur á haustönn sama ár 155. Nemendur í fullu námi árið 2020 voru að meðaltali 111. Fullt nám er skilgreint sem 30 einingar á önn. Að meðaltali var nemendafjöldi miðað við fullt nám árið 2021 hjá Menntaskóla Borgarfjarðar 121 nemendur.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 3,2 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 123,3 m.kr. samkvæmt efnahagsreiningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Áhrif COVID-19 á rekstrarumhverfi félagsins

Árið 2021 var annað óvenjulegt rekstrarár vegna COVID19 sem hafði tölverð áhrif á skólabrag. Kennsluhættir og félagslíf héltu áfram að vera meira stafrænt og lítið varð um gestafyrirlestra eða vettvangsferðir fyrir nemendur. Lærdómsríkt ár sem mun hafa áhrif til frambúðar.

Hluthafar

Hlutfé félagsins nam 161,1 m.kr. í árslok 2021. Hluthafar í félaginu voru 157 í árslok 2021, (157;2020). Eftirtaldir eru 10 stærstu hluthafar í félaginu í árslok 2021:

	Eignarhlutur
Borgarbyggð.....	91,98%
Steypustöðin ehf.....	5,59%
Kaupfélag Borgfirðinga.....	0,62%
Skorradalshreppur.....	0,62%
Nepal hugbúnaður ehf.....	0,16%
Gina Bjarnason.....	0,06%
Hans Pétur Diðriksson.....	0,06%
Pétur Geirsson.....	0,06%
Vilhjálmur Diðriksson.....	0,06%
Stéttarfélag Vesturlands.....	0,03%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Að áliti stjórnar og skólameistara Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2021 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 9. mars 2022

Stjórn:
Rafræn undirritun

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag ríkis		266.192.001	255.405.000
Tekjur frá nemendum		5.417.700	4.379.000
Sala mótuneyti		6.990.360	2.612.582
Aðrar tekjur		1.953.000	2.425.089
		<u>280.553.061</u>	<u>264.821.671</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		201.027.139	177.695.972
Rekstur húsnæðis		46.391.358	44.258.331
Rekstur tölvukerfis, áhöld og símakostnaður		7.482.951	7.627.848
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða		679.061	672.415
Rekstur mótuneytis		5.763.313	3.253.153
Kennslutengdur kostnaður		1.308.365	4.550.945
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		18.632.038	12.793.766
		<u>281.284.225</u>	<u>250.852.430</u>
Rekstrarafkoma án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		<u>(731.164)</u>	<u>13.969.241</u>
Afskriftir	3	(2.765.890)	(2.304.269)
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		<u>(3.497.054)</u>	<u>11.664.972</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		826.360	1.139.901
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(186.940)	(258.144)
Gengishagnaður/(-tap)		(286.639)	679.953
		<u>352.781</u>	<u>1.561.710</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélags			
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	4	(61.709)	364.096
		<u>(61.709)</u>	<u>364.096</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u><u>(3.205.982)</u></u>	<u><u>13.590.778</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir

	Skýr	2021	2020
Fastafjármunir	3		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Bifreið		213.000	426.000
Áhöld og tæki		12.450.758	6.687.927
		<u>12.663.758</u>	<u>7.113.927</u>
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum			
Eignarhlutur í Nemendagörðum MB ehf.	4	11.746.904	11.808.613
Saga jarðvangur ses.		100.000	100.000
		<u>11.846.904</u>	<u>11.908.613</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		2.821.039	620.982
Mennta- og menningarmálaráðuneyti		1.992.000	10.205.000
Handbært fé	1.7	141.439.224	130.299.484
		<u>146.252.263</u>	<u>141.125.466</u>
Eignir samtals		<u>170.762.925</u>	<u>160.148.006</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2021

	Skýr	2021	2020
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hlutfé		161.097.500	161.097.500
Lögbundinn varasjóður		6.432.289	6.432.289
Óráðstafað eigið fé		(44.207.379)	(41.001.397)
		<u>123.322.410</u>	<u>126.528.392</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	17	24.827.365	12.319.298
Aðrar skammtímaskuldir	18	22.613.148	21.300.314
		<u>47.440.513</u>	<u>33.619.612</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>170.762.925</u>	<u>160.148.006</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		(3.205.982)	13.590.778
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	2.765.890	2.304.269
Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		0	26.433
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	4	61.709	(364.096)
Veltufé frá rekstri		<u>(378.383)</u>	<u>15.557.384</u>
 Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		6.012.943	(9.228.732)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		13.820.901	5.958.590
		<u>19.833.844</u>	<u>(3.270.142)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>19.455.461</u>	<u>12.287.242</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	3	(8.315.721)	(3.953.592)
Sala varanlegra rekstrarfjármuna		0	100.000
		<u>(8.315.721)</u>	<u>(3.853.592)</u>
 Breyting á handbæru fé		11.139.740	8.433.650
Handbært fé í ársbyrjun		<u>130.299.484</u>	<u>121.865.834</u>
 Handbært fé í árslok		<u><u>141.439.224</u></u>	<u><u>130.299.484</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

1.2. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.3. Innlausn tekna

Tekjur af skólagjöldum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta er innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

1.4. Tekjufærsla vegna áætlaðrar skerðingar

Ekki er gert ráð fyrir skerðingu vegna ársins 2021.

1.5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

1.6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld og tæki	3 - 5 ár
Bifreiðar	3 - 5 ár

1.7. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður.

2. Starfsmannamál

Á árinu voru starfsmenn félagsins að meðaltali 21 talsins (2020: 20) í 18,3 stöðugildum (2020: 17,41).

Skýringar

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð 1.1.....	1.065.000	28.712.292	29.777.292
Keypt á árinu.....		8.315.721	8.315.721
Kostnaðarverð 31.12.....	1.065.000	37.028.013	38.093.013
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.....	639.000	22.024.365	22.663.365
Afskrift ársins.....	213.000	2.552.890	2.765.890
Afskrift samtals.....	852.000	24.577.255	25.429.255
Bókfært verð	213.000	12.450.758	12.663.758
Fyrningarhlutfall	20%	20-30%	

Vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

Eignatrygging lausafjár	34.471.783
Víðtæk eignatrygging	6.203.648
	<u>40.675.431</u>

4. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Á árinu 2014 tók félagið þátt í stofnun einkahlutafélagsins Nemendagarðar MB ehf. ásamt Borgarbyggð. Fjárfesting félagsins nam 12.0 m.kr. sem samsvarar 54,55% af hlutafé Nemendagarða MB ehf.

Á grundvelli 1. mgr. 68 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er ekki gerður samstæðureikningur þar sem samstæðan í heild fer ekki fram úr stærðarmörkum lítillar samstæðu. Móðurfélagið færir eignarhlut sinn í dótturfélagi til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild sína í eigin fé sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

	2021	2020
Fjárfesting í Nemendagörðum MB ehf. 1.1.	11.808.613	11.444.516
Hlutdeild í afkomu Nemendagarða MB ehf. 31.12.	(61.709)	364.096
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum samtals	<u>11.746.904</u>	<u>11.808.613</u>

5. Eigið fé

Eigið fé félagsins í árslok nemur 123,3 m.kr. í árslok 2021 og greinist það eftirfarandi:

Yfirlit um eiginfjárreikninga	Lögbundinn		Óráðstafað eigið fé	Samtals
	Hlutafé	varasjóður		
Staða 1.1.....	161.097.500	6.432.289	(41.001.397)	126.528.392
Afkoma ársins.....			(3.205.982)	(3.205.982)
Staða 31.12.....	161.097.500	6.432.289	(44.207.379)	123.322.410

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 161.1 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 20 þús.kr. sem færðir eru til lækkunar á eigin fé.

Skýringar

6. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021. Félagið hefur fengið staðfestingu frá Ríkisskattstjóra um að það sé undanþegið skattskyldu.

7. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2021 greinast eftirfarandi:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Borgarbyggð	45.118.274	2.625.705	520.083	4.802.396
Nemendagarðar MB ehf.	0	0	164.369	0
	<u>45.118.274</u>	<u>2.625.705</u>	<u>684.452</u>	<u>4.802.396</u>

8. Skuldbindingar

Á árinu 2013 var undirritaður þjónustusamningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntaskóla borgarfjarðar ehf. um kennslu á framhaldsskólastigi á grundvelli heimildar í 3. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Félagið hefur lagt fram tryggingabréf til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem félagið kann að valda vegna vanefnda þess á þjónustusamningi þessum allt að fjárhæð kr. 28.000.000,-

Sundurliðanir

	2021	2020
9. Tekjur frá nemendum		
Skólagjöld	4.245.000	3.168.000
Þjónustugjöld	1.025.000	1.020.000
Annað innheimt frá nemendum	147.700	191.000
	<u>5.417.700</u>	<u>4.379.000</u>
10. Aðrar tekjur		
Seldar bækur	563.000	519.000
Umsýslugjald vegna útleigu á húsnæði	0	419.522
Innheimtur útlagður kostnaður	(48.500)	50.000
Styrkir vegna sérverkefna	0	850.000
Sjálfstæð verkefni	1.380.000	0
Annað	58.500	613.000
Hagnaður/(-tap) af sölu fastafjármuna	0	(26.433)
	<u>1.953.000</u>	<u>2.425.089</u>
Aðrar tekjur, sérverkefni		
Styrkveiting Erasmus	0	619.545
Áfallinn kostnaður ársins vegna Erasmus	0	(619.545)
	<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar tekjur samtals	<u>1.953.000</u>	<u>2.425.089</u>
11. Laun og launatengd gjöld		
Laun	161.092.175	145.688.217
Mótframlag	21.325.958	19.206.364
Tryggingagjald	11.135.106	10.479.522
Sjóðagjöld	4.127.230	3.814.072
Aðkeypt kennsla	4.150.724	391.374
Uppreiknað áfallið orlof	1.486.834	178.829
Hluttur sér- og samstarfsverkefna í launum og launat. gjöldum	(2.290.888)	(2.062.406)
	<u>201.027.139</u>	<u>177.695.972</u>
12. Rekstur húsnæðis		
Húsaleiga	39.601.665	38.799.996
Sameignarkostnaður	3.066.329	2.726.683
Aðkeypt þjónusta	2.340.724	2.194.627
Hreinlætisvörur	315.452	381.698
Annar fasteignakostnaður	1.067.188	155.327
	<u>46.391.358</u>	<u>44.258.331</u>

Sundurliðanir frh.

	2021	2020
13. Rekstur tölvukerfis, áhöld og símakostnaður		
Áhöld og tæki	1.614.905	2.202.041
Viðhald áhalda og tækja	1.118.450	1.183.081
Sími	488.229	454.989
Internet	98.164	115.115
Aðkeypt þjónusta	1.541.816	1.250.845
Hugbúnaður	423.347	357.470
Inna kerfisleiga- Skýrr	2.093.584	1.951.942
Vátryggingar	104.456	112.365
	<u>7.482.951</u>	<u>7.627.848</u>
14. Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða		
Akstur starfsmanna	124.548	306.795
Bensín og olíur	20.231	18.839
Skattar og vátryggingar	145.176	159.357
Viðhald bifreiða	125.668	35.429
Aðkeyptur akstur og flutningur	230.668	119.335
Dekk	16.120	19.000
Annar kostnaður	16.650	13.660
	<u>679.061</u>	<u>672.415</u>
15. Kennslutengdur kostnaður		
Námsgögn	414.719	200.113
Raungreinastofa	4.601	25.000
Bókasafn	156.103	40.099
Nem.þátttaka í félagsstörfum	250.000	808.260
Ferðakostnaður nemenda	4.190	350.824
Sálfræðimeðferð	87.800	165.500
Útivistaaífangi	42.365	205.446
Fæði vegna nemenda	0	59.070
Fyrirlestrar	75.000	2.346.428
Annað vegna nemenda	273.587	350.205
	<u>1.308.365</u>	<u>4.550.945</u>

Sundurliðanir frh.

16. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2021	2020
Frímerki og burðargjöld	46.654	43.624
Blöð og tímarit	55.537	48.350
Pappír, prentun og ritföng	154.532	312.094
Námsbækur til endursölu	503.052	473.914
Skrifstofuáhöld	24.971	77.985
Endurskoðun og reikningsskil	798.124	738.363
Starfsmannakostnaður	4.429.869	4.066.056
Skólaþróun MSF	5.257.870	0
Aðkeypt þjónusta	104.187	153.093
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	1.375.605	945.810
Fundarkostnaður	62.949	102.278
Félags- og aðildargjöld	155.440	76.780
Námskeið	19.500	0
Verðlaun - viðurkenningar	8.290	0
Auglýsingar og kynningarkostnaður	5.018.750	3.445.939
Styrkir og gjafir	119.741	767.699
Þjónustugjöld banka	165.337	144.731
Valitor posaleiga	167.363	118.968
Tryggingar	124.172	115.189
Eftirgjöf skammtímalánveitingar	0	1.019.382
Annar skrifstofukostnaður	40.095	143.511
	<u>18.632.038</u>	<u>12.793.766</u>
17. Viðskiptaskuldir		
Lánardrottinn	21.966.681	10.510.935
Fyrirfram innheimt skólagjöld	2.591.500	1.132.000
Lyklar - trygging frá nemendum	66.000	62.000
Visakort	203.184	614.363
	<u>24.827.365</u>	<u>12.319.298</u>
18. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna launa	9.030.375	9.204.375
Orlofsskuldbinding	12.276.965	10.790.131
Sérverkefni Borgarfjarðarbrúin	257.167	257.167
Sérverkefni Erasmus	1.048.641	1.048.641
	<u>22.613.148</u>	<u>21.300.314</u>